

Mánudaginn 11. apríl 1932.

Nr. 28/1932. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Sveinbirni Halldórssyni

(Magnús Guðmundsson).

Brot g. l. nr. 21, 15. júní 1926 um veitingasölu, gisti-
húshald o. fl.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðar 21. okt. 1931: Kærður, Sveinbjörn Halldórsson, greiði 50 króna sekt í rikissjóð eða sæti 5 daga einföldu fangelsi sé sektin eigi greidd innan 14 daga frá lögbirtingu dómsins.

Svo greiði og kærður af málinu allan löglega leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og segir í hinum áfrýjaða lögregluréttar-
dómi lét kærði útbúa söluherbergi í kjallara
brauðgerðarhúss síns á Ísafirði með sérstökum
inngangi utan frá og seldi almenningi þar um
þriggja vikna tímabil, áður en málsókn þessi var
hafin, hvítöl, er framleitt var í brauðgerðarhúsi
hans og neyttu kaupendurnir ölsins í söluherberg-
inu við borð, er náði yfir herbergið. Þessa ölsölu
kærða verður að telja veitingar, er háðar séu á-
kvæðum laga nr. 21, 15. júní 1926 og þar sem 2. gr.
laganna eigi heimilar ölveitingar sem atvinnu, án
leyfis lögreglustjóra, og kærði hafði eigi fengið
slíkt leyfi, þá hefir hann gerzt brotlegur gegn
nefndri lagagrein og einnig hefir hann brotið 76.
gr. 2. mgr. lögreglusamþykktar Ísafjarðarkaup-
staðar 9. júní 1931 með því að taka framangreint
herbergi til afnota fyrir veitingarnar, án þess áður

að hafa fengið samþykki bæjarstjórnar Ísafjarð-arkaupstaðar til þess. Refsing sú, 50 kr. sekt í ríkissjóð, er héraðsdómarinn hefir ákveðið kærða, þykir hæfileg og með því ennfremur, að fallast má á vararefsingar- og málskostnaðarákvæði lögregluréttardómsins ber að staðfesta hann.

Svo á kærði og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 40 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað.

Kærði, Sveinbjörn Halldórsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, málflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Magnúsar Guðmundssonar, 40 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er sannað í máli þessu, með játningu kærðs, brauðgerðarmanns Sveinbjörns Halldórssonar, Hafnarstræti 17 hér í bænum, og öðrum gögnum, að hann síðari hluta fyrra mánaðar á eigin hönd útbjó sérstakt herbergi í kjallara brauðgerðarhússins með sérstökum inngangi utanfrá.

Hefir kærður síðan haft þar um hönd veitingar gegn borgun á öli tilbúnu í brauðgerðarhúsinu.

Herbergi þetta er næsta lítið, hvorki eru stólar þar né bekkir og eigi salerni, en neyzla ölsins fer fram við „disk“, er gengur um þvert herbergið.

Ekkert leyfi hefir kærður fengið til veitinga þessara,

en hann heldur því fram, að honum sé það heimilt, þar er ölið, er hann veitti, sé hvítöl, framleitt í brauðgerðinni.

En með tilliti til þess, að í tölulið 1. 2. gr. laga nr. 21, 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl. er kökubúðum einungis heimilaðar veitingar á kaffi, tei, súkkulaði, mjólk og kakói, ásamt kökum þar gerðum og að dómaranum er það kunnugt, að kærður hefir á stofuhæð hússins annað sérstakt herbergi til þeirra veitinga, lítur rétturinn svo á, að kærður með greindum ölveitingum brjóti og hafi brotið ofangreind lög og þykir refsing hans, er eigi hefir áður sætt kæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, hæfilega metin 50 kr. sekt í ríkissjóð samkv. 15. gr. fyrgreindra laga, en sé sektin eigi greidd innan 14 daga frá lögbirtingu dómsins, afplánist hún með 5 daga einföldu fangelsi. Svo greiði mættur og allan af málinu löglega leiðandi kostnað.

Að öðru leyti á kærður að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í málinu.

Föstudaginn 15. apríl 1932.

Nr. 74/1931. L. Fjeldsted, f. h. eigenda s/s Havtor
(Th. B. Líndal)

gegn

Mjólkurfélagi Reykjavíkur

(Jón Ásbjörnsson).

og J. Þorsteinsson & Co. (Enginn).

Farmsendara talið skylt, samkvæmt ákvæðum farmsamnings, að greiða tilfallinn kostnað við útskipun vöru.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 24. jan. 1931: Stefnu. Mjólkurfélag Reykjavíkur og J. Þorsteinsson & Co., skulu sýkn af kröfu stefnanda, L. Fjeldsted, f. h. A/S Havtor, eiganda s/s „Havtor“ frá Oslo í þessu máli. Stefnandi greiði stefndu málskostnað með 60 kr. innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.